

Íþróttta- og Æskulýðsnefnd

107. fundur – 29.04.2026 kl. 18:30 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fundarmenn: Aron Baldursson

Tinna Ýr Gunnarsdóttir

Margrét Eva Einarsdóttir

Margrét Sif Sævarsdóttir og Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþróttta- og æskulýðsfulltrúi)

Formaður setti fundinn og bauð Margrét Sif velkomna til starfa.

1. Farið var yfir það sem hefur verið rætt um áður og hvað þarf að fara koma í framkvæmd.
 - a. Hreyfitæki: Þarf að vera gert vel strax frá upphafi, vanda val á tækum, að frágangur sé góður og staðsetning sé í samræmi við nefndina og íþróttta – og æskulýðsfulltrúa.
 - b. Frispígolfvöllur: Klára völlinn sem búið er að setja upp, gera aðgengilegri og skilti með reglum.
 - c. Svæðið fyrir neðan heilsugæslustöðina: Gera svæðið meira spennandi, búa til svæði til að grilla, fleiri sæti, langtíma skipulag á svæðinu varðandi uppbyggingu og leiktæki og mögulega að gróðursetja tré til að búa til fallett og skjólsælla svæði þarna.
2. Nefndin ræddi um framtíðarsýn í uppbyggingu á íþróttamannvirkjun og hvert viljum við stefna. Við viljum ekki að okkar bæjarfélag sitji eftir í mannvirkjaþróun sem á sér stað á mörgum stöðum á landinu. Meðal annars var rætt um fjölnota íþróttahús (knaðhöll) sem myndi koma sér vel þar sem íþróttahúsið er fullt og ekki er hægt að bæta við íþróttagreinum eða auka tíma í þeim íþróttagreinum sem fyrir eru í boði.
3. Hver er framtíðarsýnin í æskulýðsmálum í Snæfellsbæ.
 - a. Klára þarf húsnaði félagsmiðstöðvarinnar að utan
 - b. Malbika planið fyrir utan félagsmiðstöðina
 - c. Göngustígur

- d. Gangbraut
- e. Ungmennahús – fyrir 16-20+ ára... Hvað ætlum við að bjóða upp á fyrir þennan aldurshóp, þar sem við viljum halda þeim hér heima eftir grunnskóla og hvetja þau til að fara á FSN og þá verðum við að bjóða upp á eitthvað fyrir þennan aldur.

Fundi slitið kl.19:20